

Mánudaginn 16. desember 1996.

Nr. 442/1996.

Protabú Jónasar Guðmundssonar

(Sigurður I. Halldórsson hdl.)

gegn

Antoni Jónssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. desember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 19. nóvember 1996, þar sem sóknaraðila var gert að greiða varnaraðila 60.000 krónur í málskostnað í máli, sem fellt var niður. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til g-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að málskostnaður í héraði verði felldur niður og varnaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili höfðaði fyrrnefnt mál á hendur varnaraðila til heimtu skuldar, að fjárhæð 2.200.000 krónur. Sóknaraðili felldi málið niður á dómþingi 19. nóvember 1996, og var þá kveðinn upp hinn kærði úrskurður um greiðslu málskostnaðar. Í ljósi fyrrgreindrar stefnu-fjárhæðar verður kæra málsins talin heimil samkvæmt 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991, svo sem henni var breytt með 6. gr. laga nr. 38/1994, sbr. 4. mgr. 150. gr. fyrrnefndu laganna.

Með bréfi sóknaraðila 29. mars 1996 var kröfum beint að varnaraðila á þeim grundvelli, sem sóknaraðili reisti síðan málsóknina á, svo sem nánar er rakið í hinum kærða úrskurði. Því var hins vegar fyrst hreyft í greinargerð varnaraðila í héraði, að greiðslan, sem sótt var með málshöfðun sóknaraðila, hafi verið innt af hendi 8. mars 1995, og var þá lögð fram kvittun fyrir greiðslunni. Eftir síðari málslið 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir því rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu í héraði.

Varnaraðili greiði sóknaraðila kærumálskostnað, svo sem í dóms-orði greinir.

D ó m s o r ð:

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Varnaraðili, Anton Jónsson, greiði sóknaraðila, þrotabúi Jónasar Guðmundssonar, 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 19. nóvember 1996.

Mál þetta höfðar stefnandi, þb. Jónasar Guðmundssonar, kt. 030419-2949, á hendur stefnda, Antoni Jónssyni, kt. 270442-2189, Heiðarbrún 11, Keflavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 2.200.000 kr., með dráttarvöxtum frá 8. mars 1995 til greiðsludags. Að auki er krafist málskostnaðar að mati dómsins að við bætum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af dómkröfu stefnanda. Stefndi krefst enn fremur málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins auk álags á málskostnað að við bætum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæð án virðisaukaskatts dráttarvexti frá dómsuppsögu skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 í samræmi við 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Málsatvik kveður stefnandi vera þau, að bú Jónasar Guðmundssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum 19. júlí 1995. Sama dag var Sigurður I. Halldórsson hrl. skipaður skiptastjóri. Frestdagur við skiptin var 12. júní 1995, og kröfúlýsingarfresti lauk 15. nóvember 1995. Við athugun skiptastjóra hefði komið í ljós, að þrotamaður hefði með kaupsamningi og afsali, dags. 8. mars 1995, selt stefnda, tengdasyni sínum, fasteign sína nr. 12 við Heiðargarð í Keflavík. Söluverð hefði verið 9.200.000 kr., sem skyldi greiða við undirritun kaupsamnings með 2.200.000 kr. og með viðtöku áhvílandi veðskuldar við Sparisjóð Keflavíkur skv. veðbréfi, útg. 16. 2. 1995, að fjárhæð 7.000.000 kr. Við það er miðað af hálfu stefnanda, að í gögnum þrotabúsins hafi ekkert komið fram um, að stefndi hefði innt umrædda greiðslu, 2.200.000 kr., af hendi 8. mars 1995, eins og segir í kaupsamningi og afsali, útg. sama dag. Skiptastjóri hafi án árangurs reynt að fá það upplýst, hvort og þá hvernig stefndi hafi innt umrædda greiðslu af hendi. Þess vegna sé málshöfðun þessi nauðsynleg. Þá styðjist stefnandi við þá málsástæðu, að stefndi hafi hvorki greitt né sé því haldið fram af hálfu stefnda, að umrædd greiðsla hafi verið innt af hendi. Því er haldið fram, að stefnandi eigi lögvarða kröfu, sem sé ógreidd, og honum því nauðsynlegt að fara í mál. Kröfu sinni til stuðnings vísar stefnandi til almennra reglna kröfu- og samningsréttar svo og ákvæða laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Sýknukröfu styður stefndi þeim rökum, að greiðsla sú, sem hann sé krafinn um, sé að fullu greidd á réttum tíma og réttum viðtakanda. Á það er bent, að stefnandi krefjist hvorki riftunar kaupsamnings né geri athugasemdir við kaupverð fasteignarinnar. Stefnandi geti því eigi reist kröfur sínar gegn stefnda á ákvæðum gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991.

Krafa stefnda um álag á málskostnað með vísan til 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991, sbr. a-lið 1. mgr. sömu greinar, er studd þeim rökum, að búið hafi verið að gefa út afsal fyrir eigninni, og mátti skiptastjóri því sjá, að kaupsamningur var að fullu efndur og málshöfðun óþörf.

Í þinghaldi 19. nóvember sl. óskaði stefnandi eftir því, að málið yrði fellt niður, en ágreiningur var um kröfu stefnda um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda. Var þeim þætti málsins vísað í úrskurð dómara.

Verður nú sá þáttur tekinn til úrskurðar.

Á það verður fallist með stefnda, að stefnandi mátti ætla, að fullnaðargreiðsla hefði farið fram, þar sem afsal var gefið út 8. mars 1995, og litið verður á afsal sem staðfestingu þess, að fullnaðargreiðslur hafi farið fram á milli aðila. Afsalið var meðal þeirra dómskjala, sem stefnandi lagði fram við þingfestingu málsins. Stefnandi höfðar málið sem almennt skuldamál, en leggur jafnframt fram afsal vegna Heiðargarðs 12, Keflavík.

Eins og mál þetta liggur fyrir dómi, þykir því rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir, eins og hér stendur á, hæfilega ákveðinn 60.000 kr.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stefnandi, þb. Jónasar Guðmundssonar, greiði stefnda, Antoni Jónssyni, 60.000 kr. í málskostnað.